

# ERINDISBRÉF

## Vinnuhópur um mögulega sameiningu starfsemi MÍ og SFS sem snýr að útilífs tengdri starfsemi og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

### Ábyrgðarmenn:

Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs og sviðstjóri skóla -og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

### Inngangur:

Í aðgerðaráætlun vegna fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 er lagt til að Miðstöð Útivistar og útináms flytjist frá skóla- og frístundasviði SFS og til menningar- og íþróttasviðs MÍ og komi úr ramma Gufunesbæjar eða af samstarfssamningi ÍTR og SFS vegna Gufunesbæjar. Samkvæmt aðgerðaráætluninni er gert ráð fyrir að þetta verði rýnt í samhengi við sameiningu ÍTR og MOF og stofnun nýs sviðs. Í tengslum við aðgerðaráætlunina hefur sviðstjóri menningar – og íþróttasviðs viðrað hugmyndir innan borgarkerfis í samstarfi við sviðstjóra skóla -og frístundasviðs um sameiningu annars vegar starfsemi á vegum MÍ sem snýr að fræðslu -og útilífstengdri starfsemi s.s Fjölskyldu- og húsdýragarðs og Sigluness ásamt skíðasvæðum innan borgarmarkanna og hins vegar við þann hluta starfsemi SFS sem snýr að líkri starfsemi hjá Miðstöð útilífs sem heyrir í dag undir frístundamiðstöðina Brúnna. Skipaður verði vinnuhópur sem kanni möguleika á slíkri sameiningu og komi með tillögur að útfærslu til sviðstjóra MÍ og SFS.

### Hlutverk:

Hlutverk vinnuhópsins er að kanna grundvöll og skila tillögum að skipulagi ásamt innleiðingaráætlun. Horft skal til núverandi starfsemi á vegum sviðanna sem hér um ræðir ásamt þeim framtíðar áformum sem þegar eru á teikniborðinu og í formlegu ferli. Einnig skal horft til þeirra tækifæra sem sameining gæti leitt til. Við þessa vinnu skal horfa til „græna plansins“ heildarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2023 og lýðheilsustefnu borgarinnar sem byggist á grunnþáttum heilsueflandi samfélags. Einnig skal hafa til hliðsjónar stefnumótun í íþróttamálum Reykjavíkur til ársins 2030, Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, Frístundastefnu borgarinnar til ársins 2025 og Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021 – 2030, auk annars efnis sem tengist þessum málaflokki.

### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Gerð innleiðingaráætlunar og tillögu að verkaskiptingu við flutning verkefnisins milli sviða, þ.m.t. áætlun um fjölda stöðugilda sem flytja þarf með verkefninu
- Fjárheimildir
- Gerð verkferla vegna verkefna sem munu skarast milli MÍ og SFS
- Útfæra og koma með tillögur að fyrirkomulagi fyrir eininguna

**Starfshópurinn skipa:**

Atli Steinn Árnason framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Brúarinnar  
Logi Sigurfinnsson forstöðumaður Fjölskyldugarðsins  
Sigrún Sveinbjörnsdóttir verkefnisstjóri frístundahluta fagskrifstofu SFS

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar hjá stoðdeildum sviðanna eftir því sem við á. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstími:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmönnum kostnaðarmetnum tillögum fyrir 3. apríl 2023.

Reykjavík, 9. mars 2023